

## Svar

efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Einars K. Guðfinnssonar um afskriftir í fjármálakerfinu.

Fjármálaeftirlitið, og eftir atvikum Seðlabanki Íslands, safna upplýsingum frá eftirlitskyldum aðilum í samræmi við þau eftirlitshlutverk sem þessum stofnunum eru falin og fór ráðuneytið fram á að Fjármálaeftirlitið tæki saman svör við fyrirspurninni eftir því sem tók væru á. Er í svarinu byggt á upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Stofnunin vekur athygli á að fyrir árin 2006–2008 eru tölur frá tveimur stærstu bönkunum en fyrir árin 2009–2010 eru tölur frá þremur stærstu bönkunum. Enn fremur lætur stofnunin þess getið að upplýsingunum beri að taka með þeim fyrirvara að bankarnir kunni að gefa sér mismunandi forsendur við útreikning á afskriftum.

1. Hverjar hafa verið árlegar heildarafskriftir í fjármálakerfinu sl. 5 ár?

2006	5.936.470.579
2007	2.428.244.642
2008	6.076.101.998
2009–2010	503.296.561.150

2. Hversu miklar voru þessar afskriftir hjá lögaðilum annars vegar og einstaklingum hins vegar?

	Einstaklingar	Lögaðilar
2006	2.070.851.902	3.865.618.677
2007	943.489.263	1.484.755.379
2008	1.175.266.550	4.900.835.448
2009–2010	22.412.922.613	480.884.638.537

3. Hvernig skiptust afskriftirnar á milli fyrirtækja og einstaklinga á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landsbyggðinni hins vegar?

	Lögaðilar höfuðborgar- svæðið	Einstaklingar höfuðborgar- svæðið	Lögaðilar landsbyggðin	Einstaklingar landsbyggðin	Óflokkað lögaðilar	Óflokkað einstaklingar
2006	2.332.091.950	1.118.507.113	809.916.738	433.343.391	723.609.989	519.001.398
2007	944.847.312	496.400.824	427.109.359	232.724.977	112.798.708	214.363.462
2008	3.093.793.914	651.485.281	438.065.943	190.941.820	1.368.975.591	332.839.449
2009–2010	440.106.840.336	14.528.944.569	24.442.686.666	3.718.442.462	16.335.111.535	4.165.535.582

4. Hvernig skiptust afskriftirnar á milli helstu atvinnugreina og hverjar voru þessar afskriftir sem hlutfall af heildarútlánum til viðkomandi atvinnugreina?

	<b>Byggingastarfsemi</b>	<b>Verslun</b>	<b>Sjávarútvegur/ fiskveiðar/vinnsla</b>	<b>Fasteignafélög/ fasteignaviðskipti</b>
2006	204.463.503	619.504.916	338.867.899	271.291.208
2007	100.060.225	138.208.565	19.693.794	18.186.212
2008	349.233.725	1.418.864.527	170.965.857	181.879.013
2009–2010	25.293.365.239	29.589.588.857	10.529.116.789	34.536.814.023

	<b>Þjónusta, fjármft., samg. og flutningur</b>	<b>Iðnaður/landbún./ matvælaíðnaður</b>	<b>Annað</b>	<b>Samtals</b>
2006	624.980.719	457.389.269	1.349.121.163	3.865.620.683
2007	397.865.660	220.979.214	589.761.709	1.484.757.386
2008	321.076.657	139.250.192	2.319.565.477	4.900.837.456
2009–2010	19.566.282.944	15.583.528.024	345.783.448.333	480.882.144.209

Því miður fékkst ekki svar við seinni hluta spurningarinnar um hverjar voru afskriftir sem hlutfall af heildarútlánum til viðkomandi atvinnugreina.